



## STJÓRN SSH 443. fundur

Mánudaginn 8. maí 2017, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Dagur B. Eggertsson og Bryndís Haraldsdóttir.

Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Ásgerður Halldórsdóttir.  
Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Stjórnarformaður SSH, Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

### 1. **BORGARLÍNA** /málsnr. 1610002

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri og Eyjólfur Árni Rafnsson verkefnisstjóri Borgarlínu.

Fyrir fundinum lá minnisblað vegna framvindu og stöðu verkefnisins og niðurstöður úr „multicriteria“ greiningu COWI á ráðandi þáttum við ákvörðun á legu línunnar.

Fram kom að meginverkefni vegna undirbúnings Borgarlínunnar eru í samræmi við fyrirbyggjandi tímaáætlun.

Upplýst var um fyrirhugaðan fund með samgönguráðherra og fulltrúum ráðuneytisins um miðjan maí.

Umræður

Bryndís Haraldsdóttir vék af fundi kl. 13:00

### **Niðurstaða:**

Áfram verður unnið að undirbúningi í samræmi við fyrirbyggjandi tímaáætlun, sem m.a. felur í sér að tillaga á vinnslustigi vegna legu línunnar í svæðisskipulagi og aðalskipulagi sveitarfélaganna verður auglýst með formlegum hætti í lok mánaðar.

### 2. **Húsnæðismál og lóðaframboð** /málsnr. 1703008

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Farið var yfir stöðu mála vegna upplýsingaöflunar um stöðu byggingarmála á höfuðborgarsvæðinu o.fl. sem tengist verkefninu.



### **3. FJÖLSMIÐJAN – endurnýjun þjónustusamnings /málsnr. 1501007**

Fyrir fundinum lá tillaga að nýjum þjónustusamningi milli Fjölsmiðjunnar og sveitarfélaganna ásamt minnisblaði framkvæmdastjóra SSH.

Framkvæmdastjóri fór yfir meginþætti máls.

Umræður.

Niðurstaða:

Samþykkt að senda fyrirbyggjandi tillögu að nýjum þjónustusamning til aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar.

### **4. Önnur mál**

Erindi skólamálanefndar SSH – tillaga að samkomulagi sveitarfélaganna um miðlun upplýsinga vegna daggæslu í heimahúsum.

Samþykkt að tillagan verði send aðildarsveitarfélögunum til staðfestingar

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55